

**Samþykki fyrir öflun og nýtingu heilsufarsupplýsinga og yfirlýsing um afléttingu þagnarskyldu (yfirlýsing um samþykki/afléttingu þagnarskyldu) Orðalag yfirlýsingarinnar um samþykki/afléttingu þagnarskyldu var yfirlýsing efnislega í samræði við persónuverndaryfirvöld vorið 2011. Þetta gildir ekki um grein 3.6.**

Orðið „tryggingasal“ merkir í eftirfarandi texta áhættuberann hverju sinni, þ.e. fyrirtækið sem tryggingasamningurinn er gerður við. Áhættuberann eru samtökin Bayern-Versicherung Lebensversicherung Aktiengesellschaft. Ákvæði laga um tryggingasamninga, persónuverndarlaga og annarra fyrirmæla um persónuvernd fela ekki í sér fullnægjandi lagalegar forsendur fyrir öflun, vinnslu og nýtingu heilsufarsupplýsinga af hálfu tryggingafélaga. Til að unnt sé að afla og nýta heilsufarsupplýsingar um yður í tengslum við þessa umsókn þörfnumst við, tryggingasalinn, því samþykki yðar varðandi persónuverndarmálefni. Enn fremur þörfnumst við þess að þér afléttu þagnarskyldu til að geta aflað heilsufarsupplýsinga um yður hjá aðilum sem eru bundnir þagnarskyldu, s.s. hjá læknum. Sem fyrirtæki á sviði líftrygginga þörfnumst við þess enn fremur að þér afléttu þagnarskyldu til að heilsufarsupplýsingar um yður eða aðrar upplýsingar sem eru verndaðar skv. 203. gr. hegningarlaga [Strafgesetzbuch, StGB], s.s. vegna þeirrar staðreyndar að í gildi er samningur við yður, til að mega miðla þessum upplýsingum til annarra aðila, s.s. upplýsingatæknipjónustuaðila. Yður er í sjálfsveld sett að afhenda ekki tryggingafélaginu yfirlýsinguna um samþykki/afléttingu þagnarskyldunnar eða að afturkalla hana síðar með áhrifum til framtíðar, með því að senda tryggingasalanum hana. Við vekjum þó athygli á því að án vinnslu heilsufarsupplýsinga er vanalega ekki unnt að efna tryggingasamninginn. Yfirlýsingarnar varða meðferð heilsufarsupplýsinga um yður sem og annarra gagna sem eru vernduð skv. 203. gr. hegningarlaga

- af hálfu tryggingasalans (skv. lið 1),
  - í tengslum við fyrirspurnir hjá þriðju aðilum (skv. lið 2),
  - við afhendingu gagna til aðila utan tryggingasalans (skv. lið 3) og
  - ef samningur kemst ekki á (skv. lið 4).
- Yfirlýsingarnar gilda um þær persónur sem þér hafið lagalegt forræði yfir, s.s. börn yðar, að því leyti sem þær gera sér ekki grein fyrir áhrifum þessa samþykkis og geta því ekki sjálfar gefið út eigin yfirlýsingar.

## 1. Öflun, vistun og nýting heilsufarsupplýsinga, sem þér hafið veitt aðgang að, af hálfu tryggingasalans.

Ég gef samþykki mitt fyrir því að tryggingasalinn afli, visti og nýti þær heilsufarsupplýsingar sem ég hef látið af hendi með þessari umsókn og mun láta af hendi í framtíðinni, að því leyti sem það er nauðsynlegt til að sannreyna umsóknina sem og til að rökstyðja og framkvæma þennan tryggingasamning eða til að rifta honum.

## 2. Öflun heilsufarsupplýsinga hjá þriðju aðilum

### 2.1. Öflun heilsufarsupplýsinga hjá þriðju aðilum til að meta áhættu og sannreyna greiðsluskyldu

Til að meta áhættuna sem tryggja skal getur reynt nauðsynlegt að afla upplýsinga hjá aðilum sem búa yfir heilsufarsupplýsingum um yður. Auk þess getur reynt nauðsynlegt til að tryggingasalinn geti metið greiðsluskyldu sína að hann sannreyni þær upplýsingar um heilsu yðar sem þér hafið gefið upp til að rökstyðja kröfur yðar eða koma fram í afhentum gögnum (s.s. reikningum, fyrirmælum, skýrslum) eða upplýsingum t.d. læknis eða annars heilbrigðisstarfsmanns.

Slík sannprófun fer aðeins fram að því leyti sem nauðsyn krefur. Í þessu skyni þarf tryggingasalinn samþykkis yðar, þ.m.t. afléttingu þagnarskyldu sinnar og framangreindra aðila, ef nauðsynlegt reynist að miðla heilsufarsupplýsingum sem og öðrum vernduðum upplýsingum skv. 203. gr. hegningarlaga.

Þér getið veitt samþykki yðar strax hér (I) eða í einstökum tilvikum síðar (II). Yður er heimilt að breyta ákvörðun yðar hvenær sem er. Vinsamlega veljið annan eftirtalinn möguleika:

## Möguleiki I (almenn aflétting þagnarskyldunnar):

Ég samþykki að tryggingasalinn afli og nýti heilsufarsupplýsingar um mig – að því leyti sem það er nauðsynlegt vegna áhættumats eða til að sannreyna greiðslulívik – hjá læknum, starfsfólki við aðhyllingartörf sem og hjá starfsfólki sjúkrahúsa, annarra heilbrigðisstofnana, hjúkrunarheimila, persónuþryggingaraðila, lögbundinna sjúkratrygginga, starfsgreinasamtaka og opinberra embætti.

Ég leysi framangreindar persónur og starfsfólk framangreindra stofnana undan þagnarskyldu sinni svo fremi sem löglega vistuðum heilbrigðisupplýsingum um mig vegna rannsóknna, ráðgjafa, meðferðar og tryggingaumsóknna og -samninga allt að tíu árum fyrir gerð umsóknarinnar verður miðlað til tryggingasalans.

Ég er enn fremur samþykkur því að í tengslum við framangreint – og að því marki sem nauðsynlegt er – miðli tryggingasalinn heilsufarsupplýsingum um mig til framangreindra aðila og ég leysi að þessu leyti einnig þær persónur sem starfa fyrir tryggingasalann undan þagnarskyldu sinni. Ég verð upplýstur fyrir fram um alla upplýsingaöflun skv. framsögðu, hver eigi að afla upplýsinganna og í hvaða tilgangi, og mér er bent á að ég get andmælt og lagt þessar upplýsingar fram sjálfur.

## Möguleiki II (aflétting þagnarskyldunnar í einstökum tilvikum):

Ég óska eftir því að tryggingasalinn upplýsi mig í hverju einstöku tilviki fyrir sig um það hvaða persónur eða stofnanir þarfnast upplýsinga og í hvaða tilgangi. Ég mun þá ákveða í hverju tilviki fyrir sig hvort ég

- heimili að tryggingasalinn afli og nýti heilsufarsupplýsingar um mig, aflétti þagnarskyldunni af viðkomandi persónum eða stofnunum sem og starfsfólki
- þeirra og að heilsufarsupplýsingum um mig verði miðlað til tryggingasalans
- eða hvort ég afhendi honum sjálf(ur) nauðsynleg gögn.

Mér er kunnugt um að þetta geti haft í för með sér tafir á vinnslu umsóknarinnar eða sannprófun á greiðsluskyldunni.

Að því marki sem framangreindar yfirlýsingar tengjast þeim upplýsingum sem ég gef í tengslum við umsóknina gilda þær í fimm ár frá undirritun samningsins. Fái tryggingasalinn eftir undirritun samningsins rökstuddan grun um að við gerð hans hafi með vísitandi hætti verið veittar rangar eða ófullnægjandi upplýsingar og það hafi haft áhrif á áhættumatid gilda yfirlýsingarnar í allt að tíu ár frá undirritun samningsins.

## 2.2. Yfirlýsingar vegna mögulegs andláts yðar

Til að sannreyna greiðsluskylduna getur reynt nauðsynlegt, jafnvel eftir andlát yðar, að sannreyna heilsufarsupplýsingar um yður. Það getur jafnvel reynt nauðsynlegt að sannreyna slíkar upplýsingar allt að tíu árum eftir gerð samningsins ef tryggingasalinn fær rökstuddan grun um að við samningsgerðina hafi verið veittar rangar eða ófullnægjandi upplýsingar og að það hafi haft áhrif á áhættumatid. Við þurfum einnig að fá samþykki og afléttingu þagnarskyldunnar vegna þessa.

Ef andlát mitt ber að dyrum heimila ég öflun heilsufarsupplýsinga um mig hjá þriðju aðilum í því skyni að sannreyna greiðsluskyldu eða eftir atvikum til að sannreyna aftur umsókn mína, sbr. fyrsta reitinn sem unnt er að krossa við (sjá hér að framan grein 2.1. – möguleiki I).

## 3. Miðun heilsufarsupplýsinga um yður sem og annarra verndaðra gagna, skv. 203. gr. hegningarlaga, til annarra aðila en tryggingasalans

Tryggingasalinn skuldbindur eftirtalda aðila með samningi til að framfylgja fyrirmælum um persónuvernd og gagnaöryggi.

### 3.1. Miðun gagna vegna læknisfræðilegs mats

Til að meta áhættuna sem tryggja skal gegn og til að sannreyna greiðsluskylduna getur reynt nauðsynlegt að kalla til læknisfræðilega matsmenn. Tryggingasalinn þarf að fá samþykki yðar og afléttingu þagnarskyldu ef í þessu sambandi er heilsufarsupplýsingum miðlað um yður sem og öðrum vernduðum gögnum skv. 203. gr. hegningarlaga. Þér verðið upplýst(ur) um slíka gagnamiðlun hverju sinni.

Ég samþykki að tryggingasalinn miðli heilsufarsupplýsingum um mig til læknisfræðilegra matsmanna að því leyti sem það er nauðsynlegt til að sannreyna áhættu eða greiðsluskyldu og að því gefnu að þeir nýti heilsufarsupplýsingar um mig á málefnalegan hátt og miðli niðurstöðum sínum aftur til tryggingasalans. Varðandi heilsufarsupplýsingar um mig sem og önnur vernduð gögn skv. 203. gr. hegningarlaga leysi ég þá einstaklinga sem starfa fyrir tryggingasalann og matsmenn undan þagnarskyldu.

### 3.2. Framsal verkefna til annarra aðila (fyrirtækja eða einstaklinga)

Tryggingasalinn annast ekki sjálfur tiltekin verkefni, s.s. áhættumat, úrvinnslu greiðslutílvika eða þjónustu við viðskiptavinum í gegnum síma, sem geta falið í sér öflun, vinnslu og nýtingu heilsufarsupplýsinga um yður, heldur felur hann öðru félagi fyrirtækjasamstæðunnar eða öðrum aðilum að annast þau. Ef vernduðum gögnum um yður skv. 203. gr. hegningarlaga er miðlað í þessu sambandi þarf tryggingasalinn að fá yfirlýsingu yðar um afléttingu þagnarskyldu hans og eftir því sem við á annarra aðila.

Tryggingasalinn heldur og uppfærir reglulega skrá um aðila og tegundir aðila sem skv. samningi afla, vinna eða nýta heilsufarsupplýsingar fyrir hann með vísun til þeirra verkefna sem þeim hafa verið falin. Skráin í núgildandi útgáfu er fylgiskjal með samþykkiyfirlýsingu. Gildandi útgáfu skrárinnar er einnig að finna á veraldarvefnum undir síðinni dienstleister.vkb.de og hægt er að panta hana hjá Versicherungskammer Bayern, Abteilung Datenschutz. 80530 München; netfang: datenschutz@vkb.de. Tryggingasalinn þarfnast samþykkis yðar fyrir miðlun heilsufarsupplýsinga um yður til aðila á skránni og nýtingu upplýsinganna af þeirra hálfu.

Ég samþykki að tryggingasalinn miðli heilsufarsupplýsingum um mig til aðila á framangreindri skrá og að þeir afli, vinni og nýti heilsufarsupplýsingarnar að því marki sem nauðsynlegt er og í sama umfangi og tryggingasalanum hefði verið heimilt. Eftir því sem nauðsyn krefur leysi ég starfsfólk fyrirtækjasamstæðunnar og annarra aðila undan þagnarskyldu varðandi miðlun heilsufarsupplýsinga um mig sem og annarra gagna sem eru vernduð skv. 203. gr. hegningarlaga.

### 3.3. Miðlun gagna til endurtryggingaraðila

Til að tryggja kröfur yðar getur tryggingasalinn nýtt sér þjónustu endurtryggingaraðila sem taka á sig áhættuna að nokkru eða öllu leyti. Í sumum tilvikum nýta endurtryggingaraðilar í þessu skyni frekari endurtryggingaraðila og láta þeim þá í té gögn sín. Til þess að endurtryggingaraðilinn geti metið áhættuna eða tiltekið tryggingartilvik er mögulegt að tryggingasalinn leggi fram tryggingaumsókn eða greiðsluumsókn yðar. Þetta á einkum við ef tryggingarfjárhæðin er sérlega há eða ef um er að ræða áhættu sem erfið er að meta.

Enn fremur er mögulegt að endurtryggingaraðilinn aðstoði tryggingasalann á grundvelli sérþekkingar sinnar á sviði áhættu- og greiðslumats sem og við mat á ferlum.

Hafi endurtryggingaraðili yfirtekið tryggingu á áhættu getið þér sannreynt hvort tryggingasalinn hafi metið áhættuna eða tryggingartilvik réttilega.

Enn fremur verður gögnum um gildandi samninga og umsóknir yðar miðlað til endurtryggingaraðila eftir því sem þörf krefur til að þeir geti sannreynt hvort og að hvaða marki þeir geti tekið þátt í áhættunni. Við uppgjör iðgjalda og tryggingartilvika er heimilt að miðla gögnum um gildandi samninga yðar til endurtryggingaraðila.

Í framangreindum tilgangi eru eftir föngum notuð gögn sem hafa verið gerð ópersónugreinanleg eða byggja á gervinöfnum, en einnig persónugreinanlegar heilsufarsupplýsingar.

Persónugreinanlegar upplýsingar um yður verða aðeins notaðar af endurtryggingaraðilum í framangreindum tilgangi. Tryggingasalinn upplýsir yður um miðlun heilsufarsupplýsinga til endurtryggingaraðila.

Ég samþykki að heilsufarsupplýsingum um mig verði – eftir því sem nauðsynlegt er – miðlað til endurtryggingaraðila og þeir nýti þær í framangreindu skyni. Eftir því sem nauðsynlegt er leysi ég starfsfólk tryggingasalans undan þagnarskyldu varðandi heilsufarsupplýsingarnar og vernduð gögn skv. 203. gr. hegningarlaga.

### 3.4. Skipti á gögnum við ábendinga- og upplýsingakerfið HIS [Hinweis- und Informationssystem]

Tryggingageirinn nýtir ábendinga- og upplýsingakerfið HIS sem um þessar mundir er rekið af informa HIS GmbH, Kreuzberger Ring 68, 65205 Wiesbaden, www.informa-his.de, í þágu nákvæmara mats á áhættu og tryggingartilvikum. Tryggingasala er heimilt að tilkynna HIS um óvenjuleg tilvik sem geta bent til tryggingasvika sem og um aukna áhættu.

Ef réttmætir hagsmunir eru fyrir hendi kallar tryggingasalinn og önnur tryggingafélag eftir gögnum úr HIS í tengslum við prófun á áhættu og greiðslum. Þótt í slíkum tilvikum sé heilsufarsupplýsingum ekki miðlað þarfnast tryggingafélagin þess að þér afléttíð þagnarskyldunni vegna miðlunar verndaðra gagna skv. 203. gr. hegningarlaga. Þetta gildir óháð því hvort samningur við yður hafi komist á eða ekki.

Ég leysi starfsfólk tryggingasalans undan þagnarskyldu varðandi miðlun gagna í þágu prófunar á umsóknnum og greiðslum til rekstraraðila ábendinga- og upplýsingakerfisins (HIS) hverju sinni.

Ef nauðsyn krefur vegna prófunar greiðsluskyldu er unnt að nýta HIS til að hafa upp á tryggingafélagum sem þér hafið verið í sambandi við í fortíðinni og gætu búið yfir gagnlegum upplýsingum. Heimilt er að afla hjá þessum aðilum upplýsinga sem nauðsynlegar eru til að sannreyna frekari greiðslur (sjá grein 2.1.).

### 3.5. Miðlun gagna til sjálfstæðra miðlara

Tryggingasalinn miðlar almennt ekki upplýsingum um heilsufar yðar til sjálfstætt starfandi tryggingamiðlara. Í eftirtöldum tilvikum getur þó komið til þess að upplýsingar sem unnt er að draga ályktanir af um heilsufar yðar eða vernduð gögn skv. 203. gr. hegningarlaga verði látnar tryggingamiðlurum í té.

Sé það nauðsynlegt í tengslum við samningatengda ráðgjöf getur miðlarinn sem þjónustar yður fengið upplýsingar um hvort og eftir atvikum að hvaða skilyrðum uppylltum (s.s. samþykki með áhættuálagi, útilokun tiltekinnar áhættuþátta) unnt er að samþykkja samning yðar.

Tryggingamiðlarinn sem miðlaði samningi yðar fær upplýsingar um hvort samningur hafi verið gerður og um inntak hans. Í þessu sambandi fær hann einnig upplýsingar um það hvort samið hafi verið um áhættuálag eða útilokun tiltekinnar áhættuþátta.

Taki nýr miðlari við þjónustu við yður getur komið til þess að samningsupplýsingar, þ.m.t. upplýsingar um áhættuálag og útilokun tiltekinnar áhættuþátta, berist nýja miðlaranum. Taki nýr miðlari við af þeim sem hefur þjónustað yður verði þér upplýst(ur) um miðlun heilsufarsupplýsinga og vakni athygli á andmælarétti yðar.

Ég samþykki að tryggingasalinn miðli – eftir því sem nauðsynlegt er – heilsufarsupplýsingum um mig sem og öðrum vernduðum gögnum skv. 203. gr. hegningarlaga, til sjálfstætt starfandi tryggingamiðlara sem þjónustar mig og að honum sé heimilt að afla, vista og nýta þau í tengslum við ráðgjöf.

### 3.6. Miðlun gagna til þjónustuaðila fyrir sjálfstætt starfandi tryggingamiðlara

Hafi tryggingamiðlarinn sem þjónustar yður falið einum eða fleiri þjónustuaðilum að annast umsýslu með samningum yðar (t.d. samstarfsneti miðlara eða rekstraraðilum samanburðar- eða tryggingamiðlunarumsýsluhugbúnaðar) er í þeim tilvikum sem tilgreind eru í grein 3.5. upplýsingunum miðlað beint frá tryggingasalanum einnig til þjónustuaðila tryggingamiðlara yðar til vinnslu. Þér getið fengið skrá yfir þessa þjónustuaðila hjá tryggingamiðlara yðar.

Ég samþykki að í þeim tilvikum sem tilgreind eru í grein 3.5. og eftir því sem nauðsynlegt er miðli tryggingasalinn heilsufarsupplýsingum um mig sem og vernduðum gögnum skv. 203. gr. hegningarlaga til þjónustuaðila sjálfstætt starfandi tryggingamiðlarans sem þjónustar mig.

### 4. Vistun og nýting heilsufarsupplýsinga um yður ef samningur kemst ekki á

Komist ekki á samningur við yður vistar tryggingasalinn þær heilsufarsupplýsingar um yður sem aflað var í tengslum við gerð áhættumats ef til þess kemur að þér sækjið aftur um tryggingavernd. Enn fremur er mögulegt að tryggingasalinn láti fylgja með umsókn yðar minnisblað til ábendinga- og upplýsingakerfisins sem er skv. beiðni miðlað til tryggingafyrirtækja í tengslum við áhættu- og greiðsluprófun þeirra (sjá grein 3.4.). Tryggingasalinn vistar einnig gögnin um yður til að geta svarað hugsanlegum fyrirspurnum annarra tryggingafyrirtækja. Gögnin varðandi yður verða varðveitt hjá tryggingasalanum og vistuð í ábendinga- og upplýsingakerfinu til loka þriðja almanaksárs eftir dagsetningu umsóknarinnar.

Ég samþykki að ef ekki kemst á samningur muni tryggingasalinn vista og nýta heilsufarsupplýsingar mínar í framangreindum tilgangi í þrjú ár frá lokum þess almanaksárs sem umsóknin er gerð á.

#### Bayern-Versicherung

Lebensversicherung Aktiengesellschaft  
Maximilianstraße 53 - 81535 München  
Paketanschrift:  
Postfach 10 26 62  
66026 Saarbrücken  
Telefon (06 81) 601-375  
Telefax (06 81) 601-573  
www.saarland-versicherungen.de  
www.versicherungskammer-bayern.de

#### Vorstand

Dr. Frank Walthes (Vorsitzender),  
Barbara Schick (stellvertretende Vorsitzende),  
Dr. Robert Heene, Klaus G. Leyh,  
Isabella Pfaller, Dr. Stephan Spieleder  
Vorsitzender des Aufsichtsrats:  
Dr. Thomas Jung

#### Handelsregister

AG München HRB 123 660  
Sitz: München  
Umsatzsteuer-ID-Nr.: DE129275125

#### Bankverbindung

SaarLB  
IBAN DE34 5905 0000 0032 0000 02  
BIC SALADE55XXX  
Sparkasse Saarbrücken  
IBAN DE65 5905 0101 0000 0913 89  
BIC SAKSDE55XXX  
Gläubiger-ID  
DE61BL000000156981